

# Teiknimyndasaga - Verkefnalýsing

Verkefni frá Salvöru Gissurardóttur í október 2013 á námskeiðinu Upplýsingatækni og stafræn miðlun

## Viðfangsefni: Myndræn frásögn í forritinu Comiclfe2

### Hverju á að skila?

Skila á einni myndasögu (ljósmyndasögu) sem unnin er í Comiclfe 2. Miða skal við að sagan sé um 4 blaðsíður að lengd í A4 en hún má vera lengri. Það er miðað við að tveir vinni saman myndasögu en hún má líka vera einstaklingsverkefni og má þá vera styttri. Það verður að vera frásögn eða saga eða lýsing á einhverju ferli, viðburði, saga eða ævintýri, námsefni eða kynningarefni eða efni til að vekja áhuga og athygli á einhverju. Myndasagan má ekki vera á ekki vera myndaalbúm og ótengdar myndir. Myndirnar verða að mynda heild og flæði eða ferli og segja í sameiningu einhverja sögu. Skila á myndasögu á .pdf formi og gert er ráð fyrir að hún sé með opnu höfundarleyfi (cc-by) nema þú takir annað fram. Það þýðir að það má afrita hana. Sagan má vera með teiknuðum myndum sem þú hefur leyfi til að nota, eigin ljósmyndum eða blöndu af eigin ljósmyndum og myndum annarra og teikningum. Allt efni frá öðrum verður að vera með með opnu höfundarleyfi (Creative Commons leyfi). Geta þarf heimilda ef við á.

### Hvenær á að skila?

14. október eru skil á myndasögunni. Skila á inn á Moodle. Skila á teiknimyndasögu á .pdf formi.



## Um forritið

Comiclif 2 er einfalt, skemmtilegt og ódýrt forrit sem auðvelt er að nota til að búa til myndrænar frásagnir þar sem í römmum eru myndir með texta í talblöðrum, textaboxum, auk alls konar fyrisagna- eða teiknimyndasögutexta tilbrigði. Forritið fæst á <http://plasq.com/> og er til fyrir PC, makka og spjaldtölvur. Spjaldtölvuútgáfan er takmarkaðri (og ódýrari).

## Vinnuferli

Byrjaðu á að ákveða viðfangsefni. Þú hefur frjálst val um viðfangsefni en skilyrði að það sé frásögn eða saga eða lýsing á einhverju ferli. Það má vera kennslutengt eða fræðslutengt (t.d. námsefni sett upp sem myndasaga) en það má líka vera saga eða ævintýri (t.d. saga úr lífi þínu, ættarsaga, draugasaga, skemmtisaga, fræðslusaga, frásögn af atburði eða lýsing á einhverri fræðikenningu eða aðferð sett upp á myndrænan hátt). Reyndu að velja fjöbreytt myndefni (gjarnan sambland af þínum eigin myndum og myndum annarra sem þú hefur leyfi til að nota, myndum með CC leyfi). Safnaðu saman í möppu á tölvunni þinni þeim myndum sem þú ætlar að nota í myndasögunna.

Það getur verið sniðugt í Comiclif að blanda saman myndum í hverjum ramma sögunnar, hafa eina mynd bakgrunn og síðan setja inn sögupersónur í forgrunn. Þú verður að athuga að myndir sem eiga að vera í forgrunni verða að vera með gagnsæjum bakgrunni og vistaðar. .png formi en aðrar myndir geta verið myndir á .jpg formi eins og venjulegar ljósmyndir eru oft. Ef þú vilt gera einhverjar myndir gegnsæjar til að setja á bakgrunn þá getur þú t.d. notað veflægt verkfæri eins og <http://clippingmagic.com/> til að losna við bakgrunn og vista mynd sem png mynd. Þannig getur þú tekið myndir af einhverjum leikanda (manneskju eða leikbrúðu) í alls konar gervum og sett svo inn á mismunandi bakgrunna.

Reyndu að hafa frásögnina áhugaverða og hafa ekki allar myndirnar frá sama sjónarhorni eða jafnstórar heldur að blanda saman nærmyndum og víðmyndum, froskasjónarhorni (horft upp á við) og fuglasjónarhorni (horft niður) og stórum eða litlum myndum. Reyndu að nota myndmálið til að segja söguna eða útskýra og veltu fyrir þér hvort þú getur ekki skapað spennu, hraða og tjáð vald eða tilfinningar og tón með myndmáli og látið myndræna framsetningu á texta líka vera hluta af frásögninni.





### Vinnuferli í Comiclif er svona:

1. Veldu sniðmát (template) og settu á síðuna
2. Veldu myndir til að setja inn í ramma teiknimyndasögunnar
3. Settu inn talblöðrur og settu sögutexta í rammanna eftir því sem við á

### Gátlisti varðandi teiknimyndasögu/ljósmyndasögu:

**Myndefni:** Er alúð lögð við myndefni og að velja myndefni sem hæfir sögunni, eru myndir sérstaklega teknar fyrir þetta verkefni, er myndbygging listræn, er samfelldni í myndum milli ramma en þó nægilegur breytileiki til að sagan sé áhugaverð. Sýnir myndasagan færni í Comiclif? Mynda myndirnar saman áhugaverða sögu eða virðast þær ótengt myndasafn?

**Saga og flæði:** Er áhugaverð og skýr og/eða listræn saga sögð með myndarömmum, er einhver boðskapur, fræðsla, eða sýn sem miðlað er með sögunni? Hefur sagan upphaf, hrynjanda og endir, hefur eitthvað gerst í sögunni, fangar sagan og viðheldur athygli lesenda? Er sagan og myndnotkun frumleg?

**Texti:** Er texti (talblöðrur, sögutexti, fyrirsagnir o.þ.h.) vel valinn og hluti af sögunni og vinnur með henni, er hæfilegur texti miðað við myndir?

**Er skýrt um hvað sagan er og hvar mynda og heimilda var aflað?** Ef það kemur ekki fram í sögunni sjálfri eða er augljóst er þá skaltu láta fylgja með í sérstöku skjali stutta lýsingu um markmið og kjarna sögunnar og hvar þú aflaðir fanga varðandi heimildir og myndir.

Ef þú hefur fólk sem þekkt í myndasögunni þinni þá mundu að afla leyfis hjá því til að nota ljósmyndir af því. Athugaðu sérstaklega ef það eru myndir af börnum og unglíngum. Vandaðu málfar og stafsetningu inn í texta og talblöðrum en samt þannig að það passi við persónurnar sem tala í sögunni. Athugaðu að sumar leturgerðir eru ekki með öllum íslenskum stöfum, gættu þess að halda þig við letur sem leyfir alla íslenska stafi.

Slóðir með kennslufni/æfingaefni/sýnishornum og ítarefni og fræðilegu efni:

1. <http://myndvinnsla.wordpress.com/comiclif/>  
Comiclif kennslufni (upptökur frá Salvöru í youtube o.fl)
2. <http://notendur.hi.is/salvor/comiclif/> Æfingaefni, sýnishorn, fræðiefni frá Salvöru
3. <http://myndvinnsla.wordpress.com/myndbygging/> Myndbygging og myndataka
4. <http://www.garmur.is/myndlestur/> Kennsluvefur um myndlestur

